um ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að laxveiðijarðir leggist í eyði.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, á hvern hátt unnt er að koma í veg fyrir, að hlunnindajarðir, sérstaklega laxveiðijarðir, verði keyptar vegna hlunnindanna og síðan látnar leggjast í eyði. Verði tillögur, er að þessu lúta, lagðar fyrir Alþingi eins fljótt og unnt er.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur áhugi á laxveiðum aukizt gífurlega hér á landi. Hafa veiðiréttindi í samræmi við það hækkað í verði. Er þetta í heild hagstæð þróun, sem veitir bændum auknar tekjur, laxveiðimönnum þýðingarmikla hvíld og útivist og er auk þess veruleg framleiðsla matvæla, að nokkru leyti til útflutnings.

Hins vegar hafa verið brögð að því, að jarðir hafi verið keyptar eingöngu vegna laxveiðiréttinda og allmargar þeirra lagzt í eyði. Þegar um er að ræða jarðir í miðjum blómlegum byggðum, er þetta hættuleg þróun. Bæði er framleiðslutap, ef jarðirnar eru ekki nýttar að fullu, og alvarlegt tjón fyrir byggðirnar, ef fólki fækkar þar, sem aðstæður til búskapar eru hinar beztu. Hafa slíkir atburðir slæm áhrif á fólk í sveitum og draga að óþörfu úr trú þess á landbúnaðinn og byggðir sínar.

Mál þetta er engan veginn auðvelt úrlausnar. Þess vegna hefur þótt rétt, að Alþingi láti í ljós áhyggjur sínar yfir þessari þróun með því að fela ríkisstjórninni að láta athuga málið og leita úrræða.